

Fundur 26.5.2025 Chi frá San Francisco, af kínverskum ættum dó fyrir um 40 árum.

Góða kvöldið Íslendingar. Þakka ég fyrir mig.

*Já góða kvöldið.*

Tala ég hér úr stjörnusambandsstöð og mikill er hér krafturinn og vona ég að þið skynjið hann og mikil er hér orkan og þykir mér það mikil gæfa að mega taka þátt í þessum sambandsfundum.

Og hef ég um langt skeið verið meðal þeirra landa minna sem mjög hafa veirð áhugasamir um þessi málefni framlífsins, og þykir okkur það miður að hvergi á jörðinni nema á Íslandi, ykkar fámenna landi, skuli þessi kenning vera framkomin og mun það jafnvel vera svo að erfiðleikum er það háð í framlífi að kynna þessi málefni fyrir sumum.

Og hef ég þó trú á því að hér sé upp að rísa hópur manna og kvenna sem láti sig þessi mál varða og stefni í rétta átt, og vakti það furðu mína strax og ég kom á þennan hnött, hvernig standi á þessum málum, en fékk ég ekki alltaf rétt svör, og varð að leita á náðir þeirra fornu sambandsstöðva sem á þessum hnetti eru, og tilheyra annari menningu en okkar og löngu útdáinni menningu forn þjóðanna Norrænu á þessum hnetti.

Er hér að upprísa nokkur hópur manna og kvenna sem lætur sig þessi mál varða og höfum við sömuleiðis hlustað á erindi frá ættingjum okkar sem komu frá meginlandinu og sem sest hafa að á framlífs hnöttum og þróað mér sér menningu og skilning um sambandið á milli lífendanna í alheiminum stjarnanna á milli og er það meira heldur en virðingin fyrir forfeðrunum og formæðrunum, þótt góður sé sá grunnur.

Og nógu margir eru á þessum hnetti mínum sem aðstoð þurfa til að koma sér úr aðstæðum sem til var stofnað á jörðinni og á þessari jörð, og vilja ekki líta til stjarnanna og skilja hið mikla samband, nema rétt svo í byrjun, þegar á þennan hnött er komið.

Erum við enn þá ekki mörg, miðað við þann fjölda sem er á þessum hnetti, og erum við heppin að til eru ævafornar frásagnir af þessu og helgiristur og fornmyntar, hvernig starfrækja eigi þessar stöðvar og förum eftir því.

Hefur það haft mikla blessun í för með sér þegar samstillingin hefur verið mest, hvernig lækningar hafa tiltekist og eru það stórir hópar hinnar vestrænu menningar á þessum hnetti sem því valda, hvort að samstillingin tekst vel eða illa, þá stundina, þar sem tíðarandinn sveiflast í ýmsar áttir.

Og vonum við að það takist vel að gömul gildi kærleikans verði ofan á, en ekki sú ofbeldismenning sem einnig þrífst hér í sumum þjóðfélags hópum, en get ég ekki talað mikið lengur.

Kínverji, ættaður frá San Francisco, dó ég fyrir um það bil 40 árum og á fyrstu framlífs jörð minni, Chi,

Frá San Francisco kínverskrar ættar, verið þið sæl og þakka ér fyrir mig.

*Vertu sæll.*